

13. desember 1974.

825

Nr. 368.

GJALDSKRÁ

og reglur fyrir símaþjónustu.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu kr. 13 600
1.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi (ekki hægt að tala á milli) — 3 400
1.3. Fyrir venjulegan aukatengil (ekkert afnotagjald) — 2 800

Stofngjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Framangreint gjald miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símaþöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan sérbúnað gilda aðeins, þegar sami aðili hefur búnaðinn.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í símaþípur, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Símnotendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.

2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsiðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Þegar væntanlegur símnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

- 2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu er kr. 2 040 að viðbættum kr. 5.30 fyrir hvert teljaraskref umfram 525 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldssvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.
- 2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið í 2.1 hér að framan, auk kr. 680 á ársfjórðungi.
- 2.3. Ársfjórðungsgjald fyrir aukatalfæri (ekki hægt að tala á milli) kr. 290

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

- 3.1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar fyrir hvert venjulegt talfæri með línu kr. 6 800
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).
- 3.2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða aukatengli — 2 300
- 3.3. Milli stöðvargjaldssvæða — 9 200

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða flutning á öðrum tækjum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu sínstöðvar, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 3 400 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 4 500 ef 6—12 mánuðir liða á milli.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af aukatengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 1 150 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 2 450.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilviki af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu	kr. 11 100
1.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi	— 4 800
1.3. Fyrir aukatengil með rafvökum (ekkert afnotagjald)	— 3 000

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð og venjulegt talfæri með línu.

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

Afgreiðslutími miðstöðvar virkum dögum	Sér lína	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
2 std.	940	750	560
4 —	1 260	1 010	760
6 —	1 420	1 140	850
8 —	1 600	1 280	960
10 —	1 740	1 390	1 050
12 —	1 780	1 430	1 070
14 —	1 840	1 470	1 110
16 —	1 900	1 520	1 140
24 —	2 040	1 630	1 220

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sér línu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

2.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sama húsi	kr. 750
--	---------

2.3. Almenn ákvæði.

Ofan nefnt afnotagjald fyrir talfæri með línu og númeri í miðstöð hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum aðilum, sem að áliti stöðvarstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórð-

ungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Þegar væntanlegur símnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

Afnotagjöld fyrir annan búnað eru samkv. sérgjaldskrá, en gilda því aðeins að sami aðili hafi öll tækin.

3. Flutningsgjald.

- | | |
|---|-----------|
| 3.1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar, fyrir hvert venjulegt talfæri með línu | kr. 5 550 |
| 3.2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða aukatengli ... | — 2 300 |
| 3.3. Milli stöðvargjaldsvæða | — 7 600 |

Aðurnefnd gjöld, sem nefnd eru undir 2. og 3. eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar vegna tæknilegra annmarka, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Sé simi fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 3 400.

4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af aukatengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 1 150 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 2 450.

Viðtökugjald fyrir sérþúnað verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfelli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðsæðna. Sama gildir um stofngjald.

III. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

- 1.1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 7 600. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða ákveðst stofngjald af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

- 1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

- 2.1. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

2 std.		kr.	460
4 —		—	580
6 —		—	730
8 —		—	840
10 —		—	900
12 —		—	920
14 —		—	990
16 —		—	1 010
24 —		—	1 080

- 2.2. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

3. Almenn ákvæði.

- 3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
- 3.2. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi.
- 3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Allt í samráði við hlutaðeigandi oddvita.
- 3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips-hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
- 3.5. Símnótendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
- 3.6. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
- 3.7. Stofngjöld greiðast fyrirfram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.
- Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
- 3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kaптúnunum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu, en um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sum-
arþústöðum, veiðiskálum, íþrótaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI

Símtalagjald.

1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt:

- 1.1. **Dagtaxti** er frá kl. 08:00 til kl. 20:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjald- flokkur	Skref í sek.	Verð fyrir hv. mín. kr.
O	ót. tími	
A	60 sek.	5.30
B	45 —	7.05
C	30 —	10.60
1	24 —	13.25
2	12 —	26.50
3	10 —	31.80
4	8 —	39.75
5	6 —	53.00

- 1.2. **Næturtaxti** er frá kl. 20:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjald- flokkur	Skref í sek.	Verð fyrir hv. mín. kr.
A	120 sek.	2.65
B	90 —	3.55
C	60 —	5.30
1	45 —	7.05
2	24 —	13.25
3	20 —	15.90
4	15 —	21.15
5	12 —	26.50

2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.

	Minnsta gjald	Umframgjald pr. mín.
2.1. Um 0— 10 km línulengd	kr. 39	kr. 13
— 10— 25 — —	— 60	— 20
— 25—100 — —	— 81	— 27
— 100—225 — —	— 105	— 35
— 225—350 — —	— 126	— 42
— Yfir 350 — —	— 159	— 53

Ofan nefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

- 2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

- 2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

- 2.4. Kvaðning: kr. 40. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

- 2.5. Afgreiðslugjald: kr. 52 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkir langlinusamband er fyrir.
- 2.6. Boðsending: kr. 70 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 70 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Radió-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

- 4.1. Línugjald kr. 60 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 20 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.2. Strandargjald kr. 117 ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi en annars kr. 165 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 39 eða kr. 55 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
- 4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.
- 4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda greiðist samkvæmt IV. kafla.
- 4.5. Fyrir radiósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig samsett:
- Gjaldið milli Íslands og viðkomandi lands.
 - Strandargjald.
 - Skipsgjald, ef viðkomandi skip tekur slíkt gjald.
 - Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV. 2.

V. KAFLI

Símskeytagjald.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: Grunn gjald kr. 50 og kr. 6 fyrir hvert orð. Lágmarks-orðafjöldi 7 orð.
- 1.2. Blaðskeyti: Kr. 1.50 fyrir hvert orð. Minnst gjald kr. 45.
- 1.3. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.
- 1.4. Veðurskeyti: Kr. 60 fyrir hvert skeyti.
- 1.5. Símapóstávisanir: Gjald kr. 200 án tillits til orðafjölda.
- 1.6. Heillaskeyti: Kr. 6 fyrir hvert orð. Auk þess greiðist fyrir skrauteyðublað kr. 100. Grunn gjald innifalið.
- 1.7. Samúðarskeyti: Grunn gjald kr. 50. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landsspítalasjóðs.
- 1.8. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaus allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kaupúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 70 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt, sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu pósthæð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

- 1.9. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.10. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda ákveðst af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

- 3.1. Almenn loftskeyti.
 - 3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig samsett:
 - a. Grunn gjald fyrir hvert skeyti kr. 50.
 - b. Línugjald kr. 6 hvert orð.
 - c. Strandargjald kr. 8 hvert orð.
 - d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
 - e. Gjald fyrir aukapjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.
- 3.2. Sérstök loftskeyti.
 - 3.2.1. Gjald fyrir blaðaloftskeyti frá íslenskum skipum til afgreiðslu innanlands er þannig samsett:
 - a. Línugjald kr. 1.50 hvert orð.
 - b. Helmingur venjulegs strandargjalds.
 - 3.2.2. Gjald fyrir hraðblaðaloftskeyti er þannig samsett:
 - a. Línugjald kr. 1.50 hvert orð.
 - b. Venjulegt strandargjald.
Minnsta gjald fyrir blaðaloftskeyti er hið sama og fyrir 14 orð. Blaðaloftskeyti er aðeins leyft frá skipi til lands.
 - 3.2.3. Gjald fyrir veðurskeyti frá ísl. skipum til Veðurstofu Íslands er kr. 70.
 - 3.2.4. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukapjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
- 3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

VI. KAFLI

Telex og fjarritarar.

1. Stofngjald, afnotagjald og flutningsgjald samkv. sérgjaldskrá.

Gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni.

2. Gjald fyrir telexritanir.

- 2.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 5.30 fyrir hvert teljaraskref og samsvavar það kr. 13.25 á mínútu.
- 2.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

VII. KAFLI

Línur.

1. Stofngjald.

Ef unnt er að láta línur á leigu, skal stofngjaldið vera jafnt tvöfaldri ársleigu, þó aldrei lægra en sem svarar tvöfaldri ársleigu fyrir 1 km.

2. Afnotagjald.

Ársfjórðungsleigan á hvern km skal vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

- 2.1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.4—0.7 mm kr. 820
 2.2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm — 1130
 2.3. Viðskiptagjald: Leiga fyrir línu milli símabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði miðast við 40 þúsund mínútna notkun á ári, samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli viðkomandi símamiðstöðva.

Skemmtur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til fjarlægðra staða ákvarðast af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

VIII. KAFLI

Sérbúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar samkv. sérgjaldskrá.

Gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni.

IX. KAFLI

Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðist kr. 1300 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 250 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI

1. Símaskráin.

Póst- og símamálastjórnin gefur út símaskrá og leggur hverjum leigusíma til eitt eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir, að dómi póst- og símamálastjórnar, að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 325. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 650 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans.

Breytir engu í þessu þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það gegn 500 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt að bera.

3. Skrásetning í stafrófsskrána.

3.1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 550
3.2. Aukanafn í skrá	— 650
3.3. Aukalínur í skrá, hver lína	— 325
3.4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 550+650	— 1 200

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 650 sem aukanafn.

4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Ókeypis skrásetning.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 325. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 550. Auglýsingarlína kostar kr. 325.

5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst og símamálastjórninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni, að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

XI. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radióstöðvar.

1. Eftirlitsgjöld, leyfisbréflagjöld o. fl.

Gjöld fyrir leyfisbréf skulu vera sem hér segir:

1.1. Leyfisbréf, þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist á 5 ára fresti)	kr. 1 350
--	-----------

1.2. Leyfisbréf, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist á 5 ára fresti)	kr. 650
1.3. Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun	— 800
1.4. Leyfisgjald vegna árlegrar framlengingar amatörleyfis	— 350
1.5. Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum (þarf ekki að endurnýja)	— 650
1.6. Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum	— 250
1.7. Leyfisbréf fyrir öðrum radiótækjum en talin eru að ofan	— 300
1.8. Fyrir skirteini talstöðvavarða	— 250

Árleg eftirlitsgjöld fyrir stöðvar í skipum og bátum og fastastöðvar skulu vera sem hér segir:

1.9. Eftirlitsgjald, þegar afl aðalsendis er yfir 100 wött	— 3 500
1.10. Eftirlitsgjald, þegar afl aðalsendis er 100 wött eða minna	— 2 450
1.11. Eftirlitsgjald fyrir hvern sendi umfram einn á sama stað	— 300

Árleg starfrækslugjöld fyrir ferðatalstöðvar skulu vera sem hér segir:

1.12. Starfrækslugjald fyrir ferðatalstöðvar, afl yfir 0.5 watt	— 800
1.13. Starfrækslugjald fyrir ferðatalstöðvar, afl 0.5 watt eða minna	— 550

Ársfjórðungslegt starfrækslu- og viðskiptagjald fyrir aðrar farstöðvar skal vera sem hér segir, enda sé komið með þær til eftirlitsmanns, ef óskað er skoðunar:

1.14. Gjald fyrir talstöð í bifreið (í þessu gjaldi eru innifaldar 100 afgreiðslur um landstöðvar Pósts og síma)	— 1 800
--	---------

Önnur gjöld en að ofan greinir skulu vera:

1.15. Innsiglisgjald (ferðakostnaður ekki innifalinn)	— 1 600
1.16. Gjald vegna aukaskoðunar amatörstöðvar	— 800

2. Viðskiptagjöld.

- 2.1. Radiósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4 hér að framan.
- 2.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3 hér að framan.
- 2.3. Viðskiptagjöld vegna radióstöðva og í verstöðvum.
Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegasmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld.

Fyrir 1— 5 báta	kr. 325
Fyrir 6—15 báta	— 570
Fyrir 16—30 báta	— 770
Fyrir 31 bát og fleiri	— 975

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld, samkvæmt sérgjaldskrá.

- 2.4. Viðskiptagjöld og reglur vegna samningsbundinna viðskipta við fiskibáta.
- 2.4.1. Póst- og símamálastjórnin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvafjónustu, sem þeir þurfa á að halda, vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu, ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.
- 2.4.2. Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Pósts og síma sem er.
- 2.4.3. Í fjónustu þessari eru innifalín símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, sem viðkomandi strandarstöð er staðsett á.
- 2.4.4. Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Pósts og síma greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.

2.4.5. Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

2.4.6. Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu aðnjótandi eru:

að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan viðkomandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald, að samtök útvegsmanna í viðkomandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma, og að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

2.4.7. Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

- | | |
|--|-----------|
| a. fyrir báta minni en 100 tonn | kr. 1 800 |
| b. fyrir báta 100 tonn og stærri | — 2 800 |

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva. allt að 25 sím-tölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 sím-tölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau sím-töl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magn-tölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari IV. kafla 4.

25. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

25.1. Reglur um viðskiptagjöld landfarstöðva er að finna í kafla XI 5.8.1.

25.7. Viðskiptagjald er innifalið í ársfjórðungslegu starfrækslu og viðskiptagjaldi samkv. grein 1. 14 í þessum kafla.

3. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1963 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynninga um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

- | | |
|---|---------|
| Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó | kr. 575 |
| Fyrir skip að 50 rúmlestum brúttó | — 825 |
| Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó | — 1 150 |
| Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir | — 1 500 |

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Pósts og síma, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

4. Almenn ákvæði.

4.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrðri fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt gildandi gjaldskrá um radiótæki, skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

4.2. Póst- og símamálastjórnin hefur eftirlit með notkun radiótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar

eru ekki háðar skoðanaskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

- 4.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega, hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.
- 4.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skirteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skirteini loftskýtamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 4.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörslu.
- 4.6. Eftirlitsgjald, starfrækslugjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.
- 4.7. Póst- og símamálastjórnin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast póst- og símamálastjórnin og þau verkstæði sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.
- 4.8. Gjöld fyrir símötöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 4.9. Hafi áfallin gjöld, vegna radiótækja eða þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfalli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagði lokun símans.
- 4.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduöppnun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsiglunar, greiðir leyfishafi.
- 4.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
- 4.12. Innflutningur erlendra radiótækja er háður samþykki póst- og símamálastjórnarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar póst- og símamálastjórnin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar uppfylla þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru. Gjöld fyrir tegundaprófun eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá fyrir radiótækki.
- 4.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar.

Skal það gert skriflega og stílað til póst- og símamálastjórnarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

- 4.14. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma eru lögtakskrá, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
- 4.15. Póst- og símamálastjórnin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu, samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

5. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi, og viðskiptagjöld landfarstöðva.

- 5.1. Póstur og sími starfrækir faststöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir póst- og símamálastjórnin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu faststöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.
- 5.2. Ekki er heimilt að tengja faststöðvar aðrar en stöðvar Pósts og síma á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.
- 5.3. Um faststöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.
- 5.4. Faststöðvar leyfishafa og farstöðvar sem skipta eiga við stöðvar Pósts og síma skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit en auk þess eru allir þeir sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.
- 5.5. Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.
- 5.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.
- 5.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.
- 5.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva.
- 5.8.1. Leyfishafar landfarstöðva greiða árlegt starfrækslu- og viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni. Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta af hendi faststöðva Pósts og síma, allt að 100 símtölum eða skilaboðum árlega, afgreiddum innan bæjarsímakerfis, fjarskiptastöðvanna.

Vegna afgreiðslna út fyrir bæjarsímakerfi viðkomandi stöðva bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir langlínuviðskipti.

Það, sem umfram er 100 afgreiðslur innan bæjarsímakerfanna, greiðist samkvæmt gjaldskrá IV. kafla 4 um radiósímtöl.

- 5.8.2. Leyfishafi farstöðvar er ábyrgur fyrir viðskiptagjöldum sem falla undir gildandi gjaldskrá.

XII. KAFLI

Afnot landssímans til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{2}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt simtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett simagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIII. KAFLI

1. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi umsókn hér að lútandi á þar til gerðu eyðublaði er fæst hjá öllum stöðvarstjórum og skal tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símatækja og sambanda.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáiist. Krefjast má, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusamtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl og getur landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtöl er að ræða.
- 1.4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja símabúnað úr stað. Öll slík verk verða framkvæmd eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign Pósts og síma, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með alla símabúnað er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og á öllu því er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum. Brunatrygging venjulegs talfæris er fólgin í leigunni.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Pósts og síma, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur Póstur og sími að sjálf-sögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.6. Bili símabúnaður, ber þegar í stað að tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra er ser um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur á viðgerð símans má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða samtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða annarra orsaka.
- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi Pósts og síma. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu og tekið tækin

burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

- 1.9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur ekki verið notaður samfelld í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leigutaki vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt ekki hafi verið unnt að afgreiða beiðni um flutning símans á þeim tíma.
- 1.10. Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.
- 1.12. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálausega valda skemmdum á sínum eða símatækjum og samböndum, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

- 2.1. Gjöld fyrir langlínusímtöl greiðast samkvæmt reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafist.
- 2.2. Sé eitthver gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímasambandinu við þá síma, er skuldunautur er skráður fyrir, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og að viðbættum kr. 325 fyrir lokun og enduropnun. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póstur og sími krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símataeki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það viðkomandi stöðvarstjóra, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XIV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941, um fjarskipti og gengur í gildi 1. janúar 1975. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljarskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. janúar 1975 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefin 15. mars 1974.

Samgönguráðuneytið, 13. desember 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.